

Reglugerð um veitingu heiðursviðurkenninga Knattspyrnufélags ÍA

Stjórn Knattspyrnufélags ÍA skal veita þeim aðila heiðursviðurkenningu sem unnið hefur af atorku og dugnaði að vexti og viðgangi KFÍA eftir því sem segir í reglugerð þessari.

1. Heiðursviðurkenningar eru þessar:

- Heiðursfélagi
- Heiðursmerki úr gulli
- Heiðursviðurkenning

2. Heiðursfélagi

Stjórn félagsins kýs heiðursféлага og þarf samþykki $\frac{3}{4}$ stjórnarinnar. Heiðursfélagi skal afhent heiðursskjál og heiðurspening félagsins. Heiður þessi er sá æðsti, sem félagið veitir. Heiðursfélagar eru undanþegnir öllum árgjöldum, en hafa að öðru leyti öll réttindi í félaginu.

Heiðursfélagar mega aldrei vera fleiri en 10 hverju sinni og skal útnefning heiðursféлага gerð við hátíðlegt tækifæri á vettvangi félagsins.

3. Heiðursmerki úr gulli

Stjórn félagsins gerir tillögu um veitingu heiðursmerkis úr gulli og þarf samþykki $\frac{3}{4}$ stjórnarinnar til að samþykkja hana. Heiðursmerki úr gulli má veita þeim féлага sem unnið hefur óumdeilanlega frábært starf í þágu félagsins sem og eigi skemur en 20 ár.

4. Heiðursviðurkenning

Stjórn félagsins má veita aðilum, einum eða fleirum, sem starfað hafa vel fyrir félagið svo og þeim sem hún telur ástæðu til að heiðra eða veita viðurkenningu fyrir störf tengd knattspyrnustarfinu. Meirihluti stjórnar skal samþykkja að veita viðurkenninguna. Heiðursviðurkenningin skal vera táknrænn gripur ásamt skjali til staðfestingar viðurkenningunni. Heiðursviðurkenningu skal að jafnaði afhent á aðalfundi KFÍA.

5. Önnur atriði

- Þeir sem hljóta heiðursviðurkenningar KFÍA hafa einir rétt til þess að bera þær og er óheimilt að láta þær af hendi. Geta skal um allar heiðursviðurkenningar í fundargerðum Aðalstjórnar KFÍA auk þess að upplýsa um þær á vef félagsins.
- Stjórn KFÍA getur tilnefnt þrjá fulltrúa í sérstaka nefnd sem geri tillögu ásamt rökstuðningi til stjórnar KFÍA um viðurkenningar og skal einn þeirra vera formaður eða annar fulltrúi í stjórn félagsins. Nefndin hafi einnig samráð við íþróttasamtök, sem hefðu hug á því að heiðra einstaklinga á Akranesi.

Leiðarljós :

1. Heiðursfélagi KFÍA þarf að hafa unnið fyrir félagið af einstakri fórnfýsi um áratuga skeið, ýmist sem almennur félagsmaður eða setið í stjórn þess. Hann þarf að hafa unnið félaginu ómetanlegt gagn og vera ótvírætt talinn koma til greina sem heiðursfélagi. Auk þess að vera undanþegin árgjöldum skal heiðursfélagi fá ársmiða á völlinn (gullmiða) og honum skal ávallt boðið á þau hóf eða mannfagnaði sem félagið stendur fyrir. Heiðursfélaga skal sérstaklega getið á heimasíðu félagsins og ferill þeirra tíundaður.
2. Heiðursmerki úr gulli má veita þeim félagi sem unnið hefur óumdeilanlega frábært starf í þágu félagsins og eigi skemur en **20 ár**. Merkið má veita félagsmanni, leikmanni félagsins eða öðrum þeim sem hafa lagt félaginu ómetanlegt gagn þann tíma sem áskilinn er í reglunum.
3. Heiðursviðurkenningu má veita þeim félagi, einum eða fleirum, sem stjórn félagsins metur að hafi starfað vel fyrir félagið svo og þeim sem hún telur ástæðu til að heiðra eða veita viðurkenningu fyrir störf tengd knattspyrnustarfinu. Viðurkenningu þessa má veita þeim sem lagt hefur eftirtektarvert framlag að mörkum t.d. í stjórnnum félagsins, nefndum eða vegna mótahalds. Viðurkenninguna mætti enn fremur veita vegna fjárhagsstuðnings um lengri tíma eða söfnun fjár fyrir félagið svo dæmi séu nefnd. Meirihluti stjórnar skal samþykkja að veita viðurkenninguna. Heiðursviðurkenningin skal vera táknrænn gripur ásamt skjali til staðfestingar viðurkenningunni. Heiðursviðurkenningu skal að jafnaði afhent á aðalfundi KFÍA. Ekki er nauðsynlegt að sá sem tilnefndur er sé félagi í KFÍA heldur getur tilnefndur aðili verður velgjörðarmaður félagsins og sýnt það í verki að hann sé verðugur heiðursviðurkenningar ársins.
4. Mikilvægt er að fyrir liggi útfærsla þeirra merkja og viðurkenninga sem veittar eru.
5. Mikilvægt er að samviskusamega sé fært til bókar þegar einstaklingur fær viðurkenningu eða heiðursmerki. Það kemur í veg fyrir að einhverjir gleymist eða fái sömu viðurkenningu tvisvar.
6. Þegar viðurkenning er veitt skal ákvörðun og veitingu viðurkenningar rækilega getið þar sem það er mögulegt.
7. Þess skal gætt sem að þeir sem fá viðurkenningu frá félaginu teljist ávallt verðugir fulltrúar þess og séu íþróttahreyfingunni til sóma í hvívetna. Jafnræðis og jafnréttis skal gætt í viðurkenningum félagsins.